

Mál nr. 214/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um fjárhæð bóta vegna tjóns á bifreið.****Gögn.**

Málskot, móttækið 25.5.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 10.6.2021.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem ráða má af gögnum málsins mun árekstur hafa orðið á milli bifreiðanna A og B þannig að framstuðarakápa á B rispaðist framan við vinstra framhjól. Enn fremur verður ráðið að ekki sé um það deilt að tjónið sé af völdum þess er ók A og tjón á B eigi því að bætast úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Reikningur vegna viðgerðarinnar á B mun hafa borist V, sem sundurliðast svo: Yfirbyggingarvinna af/á kr. 54.626, annað efni (varahlutir) kr. 2.682, málningarvinna kr. 71.869, málningarefni kr. 22.837, efni af lager kr. 3.824, akstur kr. 5.200 og bílaleigubíll (þrír dagar samþykktir) kr. 18.300, eða samtals kr. 179.338 og að viðbættum 24% virðisaukaskatti alls kr. 222.380. M sem eigandi A og vátryggingartaki hjá V hefur vefengt að tjónið á B geti numið þessari fjárhæð. Var M afhent eftirrit reikningsins þar sem afmáðar hafa verið upplýsingar um bifreiðaverkstæði það sem reikningurinn stafaði frá sem og persónugreinanlegar upplýsingar.

Af málskoti má ráða að kvörtun M beinist að því að tjónið á B geti ekki hafa numið framangreindri fjárhæð. Þínulítið dæld hafi verið á B, tjónið samkvæmt fyrirbyggjandi reikningi sé „algjörlega furðulegt“ og eins og bifreiðin öll hafi verið sprautuð. Að mati M passi þetta „hreinlega ekki“. V hefur samþykkt að nefndin fjalli um bótafjárhæðir í máli þessu, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir nefndina, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005.

Álit.

Af fyrirbyggjandi ljósmyndum af skemmdum á B má ráða, líkt og áður getur, að framstuðarakápa á B hafi rispast lítið eitt framan við vinstra framhjól. Vissulega er um smávægilegt tjón að ræða. Hvað sem því líður hefur ekkert haldbært komið fram í málinu sem gefur tilefni til að ætla að viðgerðarkostnaður samkvæmt framangreindri sundurliðun ásamt afnotamissi í þrjá daga, samtals að fjárhæð kr. 222.380 að meðtöldum virðisaukaskatti, teljist vera óhæfilega hár. Að öllu virtu telst tjónið samkvæmt gögnum málsins ekki of hátt metið.

Niðurstaða.

Tjón vegna skemmda á B samtals að fjárhæð kr. 222.380 telst ekki of hátt metið.

Reykjavík, 17. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.